

**Samkomulag um afnot af fjöldahjálparstöð**

Rauði krossinn á Íslandi og Vesturbyggð gera með sér svofellt

**samkomulag**

um afnot Rauða krossins af fjöldahjálparstöð í félagsheimilinu Baldurshaga, Bíldudal

**1. grein: Um fjöldahjálparstöðvar**

Rauði krossinn virkjar fjöldahjálparstöðvar samkvæmt samningi við almannavarnir á hættutímum. Hlutverk fjöldahjálparstöðva er að veita þolendum náttúruhamfara og annarra alvarlegra atburða öruggt skjól og helstu grunnþarfir svo sem mat, fatnað og gistingu. Ýmis önnur þjónusta er einnig í boði svo sem skyndihjálp, áfallahjálp, ráðgjöf og upplýsingar.

**2. grein: Verkaskipting**

Rauði krossinn

- leggur til allan búnað
- veitir fræðslu til starfsfólks þegar þörf er á.
- heldur námskeið í starfrækslu fjöldahjálparstöðva fyrir sjálfboðaliða og aðra áhugasama. Námskeiðin eru þátttakendum að kostnaðarlausu.

Vesturbyggð

- leggur til tengilið við Rauða krossinn, svo sem umsjónarmann byggingarinnar.
- er reiðubúin að veita Rauða krossinum og almannavörnum aðgang að byggingunni þegar fyrirhættu berast um slíkt.
- veita Rauða krossinum aðgang að byggingunni vegna æfinga.

**3. Grein: Samkomulag um 2.grein: Verkaskipting**

Ef opna þarf fjöldahjálparstöð á hættutímum vegna náttúruhamfara eða annarra alvarlegra atvika þá veita rekstraraðilar félagsheimilisins Baldurshaga Rauða krossinum og almannavörnum aðgang að húsnæðinu ásamt því að leggja til tengilið við húsnæðið og aðgang að húsnæðinu til æfinga í neyðarviðbrögðum. Æfingar eru í samráði við rekstraraðila með fyrirvara um að tímasetning á æfingu henti báðum aðilum.

**4. grein: Kostnaður**

Kostnaður vegna opunar og reksturs fjöldahjálparstöðvar greiðist af Rauða krossinum og/eða ríkissjóði. Í lögum um almannavarnir er kveðið á um að ríki og sveitarfélög skuli leggja byggingar í sinni eigu endurgjaldslaust fram í þágu almannaþarna.

**5. grein: Ákvæði um upptöku samkomulags**

Telji samningsaðili að forsendur samningsins hafi breyst getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun hans í heild sinni eða á einstaka ákvæðum hans.



Staður og dagsetning

Fyrir hönd Rauða krossins

Fyrir hönd Vesturbyggðar

Drögg